


nokkuð af og vann töluvert í, gerði þar á meðal seríu um Auschwitz, — þessi mynd er úr þeirri myndröð,“ bætir hann við og bendir á litla og fínlega mynd á einum veggnum í vinnustofunni. „Mér hefur alltaf þótt ætingin vera skyld innhverfri og viðkvæmri ljóðagerð. Hún er vandmeðfarin og knöpp.“

Ég keypti tæki til að vinna grafík úti í Svíþjóð og kom með þau heim og kenndi á þetta í MHI og ásamt nemendum mínum þar var endurreist félagið Íslensk grafík, sem Jón Engilberts og fleiri höfðu stofnað á sínum tíma. Félagið varð fljótt öflugt og þessi tækni, sem hafði verið nær óþekkt hér, varð brátt útbreidd og myndir, gerðar hér, vöktu athygli á sýningum erlendis. Þetta var upphafið að ágætum ferli Bjargar Þorsteinsdóttur og Ragnheiðar Jónsdóttur, svo dæmi séu nefnd.

Sjálfur hef ég ekki mikið unnið í grafík hin síðari ár, því ég hef haft svo mikið að gera og þetta er tímafrek listsköpun og það er frekar hægt að ganga frá málverki, og koma að því aftur síðar, heldur en grafíkmynd. En núna, þegar ég fer væntanlega að hafa meiri tíma er ekki ólíklegt að ég taki til við þetta aftur, í nýju pressunni.

Ég hef alltaf haft tilhneigingu til að segja sögur í mínum myndum og einnig hef ég fengist nokkuð við bókaskreytingar. Núna er ég að fara að vinna myndskreyt-



ingarverkefni um Skaftárelda og mig langar mikið til að vinna það í grafík.“

Eitthvert óttalegt tóm

Og nú er dagurinn næstum kominn upp á rönd og mannljótið farið að streyma með járnslægnum og ljósumprýddum boðaföllum upp í móti eftir Breiðholtsbrautinni, áleiðis í lygnur sjónvarps, svefns og nætur. Við risum upp og skoðum nokkrar myndir Einars í geymslu inn af vinnustofunni. Það er ljóst. Þær eru tilfinningaríkar. Þjalla um marklausar skemmtanir og yfirborðskennd samskipti fólks, t.d. ein, er ber nafnið „partí“.

„Sjáðu þessi hús, hér í borginni,“ segir Einar og bendir út um gluggann. „Það er gaman að ímynda sér allt þetta fólk inni í þeim. Þetta er mitt líf, og þitt. Yfirleitt hefur fólk allt til alls í þessum húsum, en samt er eitthvað að. Það er eitthvert óttalegt tóm. Ég málaði eina gríðarstóra mynd um þetta. Hún heitir „Doktor Stefán yfirgefur samkvæmið“.

Fólk virðist ekki hafa neitt til að trúa á og berjast fyrir þegar húsið er loks komið upp. Þá er bara þetta tóm. Fólk finnur enga ánægju. Er alltaf að leita hennar í einhverju eilífðar skemmtana-brjálæði. Skemmtunin verður lokatakmarkið. Það væri ánægjulegt ef fólk á Íslandi hyrfi frá þessum óhemju áhuga á efnalegum gæðum, sem ekkert eru og fyndi sér meiri tilgang í bókum og listum, andlegum efnum og sjálfsér. Þó er reyndar einstakur menningaráhugi hér á landi, miðað við aðrar þjóðir, en hann vill oft verða fyrst og fremst spurning um magn, en ekki gæði. Mælikvarðinn á myndlistarmann verður hvað mikið hann selur. Það er bissnes-hugarfar. Þá er verið að tala um framleiðslu en ekki list.

En það er gott fólk í þessum húsum. Það er bara eitthvert tóm, sem sem þarf að fyllast.“

Það er óþarfi að preyta sig á helgarinnkaupunum...

Kannast þú ekki við föstudags-tilfinninguna? Allir bílar bæjarins að þvælast fyrir þér í umferðinni, bílastæðin stöppuð og matvöruverslanirnar troðfullar af fólki, sem keppist við að kaupa sér í helgarmatinn. Það væri nú þægilegt að geta losnað við þetta allt saman!

Þar kemur frystikistan til skjalanna. Það er ekki nóg með að þú getir gert innkaup í stórum stíl með lengra millibili og fækkað þannig búðarferðunum.

Þú getur líka keypt ýmsa matvöru á lægra verði í stórum einingum, nýtt þér allskonar tilboðsverð og útsölur, s.s. á kjöti, smjöri og grænmeti, og bakað til jólanna í júl!

Við eigum mikið úrval af Philips og Carawell frystikistum og frystiskápum, sem henta öllum heimilum.

Frystikista er fjárfesting, sem borgar sig strax!

...Það er engin föstudagsörtröð við frystikistuna!


Hafðu samband, við erum sveigjanlegir í samningum.

heimilistæki hf.

HAFNARSTRÆTI 3 - 20455 - SÆTÚNI 8 - 15655

Colour Art Photo

Vandaðar stofumyndir



Það er góður síður að láta taka mynd af börnunum með jöfnu millibili.



Þau vaxa, dafna og breytast.

Þessvegna er það svo gaman að eiga góða ljósmynd.

Gjafa-myndatökur aldraðra



Í tilefni árs aldraðra er mér sérstök ánægja að bjóða öllum 70 ára og eldri ókeypis myndatöku.



Á hamingjustund ríkir hátíðarstemning á stofunni hjá mér.



Ekta strigamyndir, Barrökk-rammar, Innrömmun. Mikið úrval.

Verið velkomin í myndatöku



Mats

LJÓSMYNDAPJÓNUSTAN
Laugavegi 178 — s. 85811